Laugardaginn 16. janúar 2016 kl. 16$^{00}$ var stofnfundur Vestra haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Hjalti Karlsson formaður sameiningarnefndar setti fundinn. Hann stakk upp á Gísla Halldóri Halldórssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófataki.

Gísli Halldór tók við stjórn fundarins og stakk hann upp á sr. Magnúsi Erlingssyni sem ritara fundarins og var það samþykkt. Síðan var gengið til dagskrár, sem lá frammi.

1. Stofnun félagsins

Hjalti Karlsson rakti undirbúning stofnunar fjölgreinafélags í íþróttum. Haldnir voru 25 fundir og tilkvaddir ýmsir ráðgjafar. Gerð var könnun á nafni fyrir félagið og hlaut heitið Vestri yfirgnæfandi stuðning. Að stofnun félagsins standa Boltafélag Ísafjarðar, Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar, Sunddeild Vestra og Blakfélagið Skellur.

Þessu næst gengu fulltrúar þessara félaga að fundarborðinu og undirrituðu stofnsáttmálann. Það voru þeir Sigurður Hreinsson frá Skelli, Gísli Jón Hjaltason frá BÍ, Ingi Björn Guðnason frá KFÍ og Páll Janus Þórðarson frá Sunddeildinni, sem undirrituðu stofnsáttmálann.

Að undirritun lokinni steig Sigurður Hreinsson í pontu og fór hann yfir lög félagsins og útskýrði helstu atriði þeirra. Vestri er því stofnaður 16. janúar 2016 og teljast stofnfélagar allir þeir, sem voru félagar í BÍ, KFÍ, Skelli og Sunddeildinni og aðrir þeir, sem þess óska.

Gísli Halldór bar upp tillögu um að stofnfélagar yrðu allir þeir, sem eru í félögunum fjórum, sem að sameiningu standa, auk þeirra, sem vilja ganga í félagið fyrir aðalfund félagsins, sem haldinn verður að vori. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Lög félagsins voru samþykkt.

2. Kosning stjórnar

Sjö manns sitja í aðalstjórn. Gísli Halldór bar upp tillögu um að eftirfarandi aðilar yrðu kjörnir

OD-3136
5 690690 000760
A4
A4 ehf.